Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
srn@srn.is

Sent inn á Samráðsgátt

Reykjavík, 12. október 2018

Efni: Umsögn um Grænbók fyrir málaflokkinn fjarskipta- og póstmál, mál nr. S-143/2018

Samtök iðnaðarins (SI) telja að þær áherslur og markmið sem settar eru fram í grænbókinni séu jákvæðar en vilja þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í fyrirliggjandi grænbók um málaflokk 11.2 er fjallað um málefni Þjóðskrár Íslands sem m.a. rekur upplýsinga- og þjónustuveituna Island.is. Á Island.is er m.a. rekið innskráningarkerfi með stuðningi við Íslykla og rafræn skilríki. Samtök iðnaðarins vilja árétta þau sjónarmið sem fram komu í umsögn samtakanna um grænbók sem lið í stefnumótun á málefnasviði hagskýrslugerðar, grunnskráa og upplýsingamála, dags. 30. ágúst 2018. Þar kölluðu samtökin eftir skýrari afmörkun á stefnu stjórnvalda um notkun á umræddri gátt enda sú staða uppi að umrædd þjónusta er í beinni samkeppni við þá fjölmörgu aðila á markaði sem bjóða upp á sambærilegar lausnir. Sé það stefna stjórnvalda að vera í samkeppni við einkaaðila á þessu sviði telja samtökin mikilvægt að aðskilja almennan rekstur Þjóðskrár Íslands frá samkeppnisrekstri með því að setja samkeppnisrekstur í dótturfélag.

SI fagna þeirri áherslu stjórnvalda að stuðla að aukinni og hagkvæmri samnýtingu veituframkvæmda og uppbyggingu fjarskiptainnviða. Mikilvægt er að draga úr sóun og tvíverknaði við uppbyggingu fjarskiptainnviða sem og tryggja, eins og kostur er, virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Að lokum taka SI undir markmið um að þrír sæstrengir tengi landið við Evrópu á hverjum tíma frá mismunandi landtökustöðum. Vert er að leggja áherslu á að með lagningu þriðja sæstrengs verði samkeppni *innleidd* þar sem einokunarstaða ríkir nú á markaði með útlandasambönd. Tilgangurinn með lagningu á þriðja sæstreng er ekki einungis að lækka verð heldur einnig að búa til heilbrigða samkeppni sem hvetur til aukins framboðs á þjónustu og dreifir áhættu vegna tengingar við útlönd, sér í lagi þar sem eldri strengur Farice ehf. er orðinn 14 ára og bilanatíðni mun því að öllum líkindum aukast á næstu árum. Samtök iðnaðarins óska eftir því að skýrt verði tekið fram í kafla um markmið og áherslur að stefnt sé að því að „innleiða samkeppni á markaði með gagnatengingar við Ísland."

Virðingarfyllst,

Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI